

Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er hæfileikinn að átta sig á öllum einingum tungumálsins (frá þeim stærstu til þeirra minnstu) og geta unnið með þessar einingar. Hljóðkerfisvitund er einn af undirstöðupáttum lesturs og börn þurfa að ná ákveðinni færni í henni til þess að ná góðum tókum á lestri.

Hljóðkerfisvitund er hluti af málþroskanum og byrjar að þroskast snemma á fjórða ári með því að barnið byrjar að átta sig á stærstu einingum málsins, **orðum**, **orðhlutum** og **atkvæðum**. Smátt og smátt fer barnið að geta greint smæstu einingar tungumálsins, þ.e. **stök hljóð**, samhliða því sem máltilfinning barnsins þroskast.

Þjálfun hljóðkerfisvitundar hefur bein tengsl við farsælt lestrarnám. Börn sem fá þjálfun í verkefnum sem styrkja hljóðkerfisvitund standa betur að vígi þegar kemur að lestrarnámi. Börnum sem eru í áhættuhópi fyrir lestrarvanda gagnast þessi þjálfun séstaklega.

Próf í hljóðkerfisvitund 5-6 ára barna spáir fyrir um lestrargetu. Á Íslandi er prófið **HLJÓM 2** lagt fyrir börn á síðasta ári í leikskóla í flestum leikskólum landsins. Foreldrar eru hvattir til þess að nýta sér niðurstöður prófsins til þess að vinna með börnum sínum og að láta upplýsingar um frammistöðu fylgja barninu í grunnskóla.

Meðfylgjandi skráningarblað er hugsað fyrir foreldra til þess að fylgjast sjálf með þróun hljóðkerfisvitundar barna sinna. Atriðin eru í þyngdarröð. Mælt er með því að foreldrar leiki sér að þessum einingum tungumálsins með börnum sínum þar til lestararnám er komið vel á veg.

Stuðst var við eftirfarandi heimasíður við gerð þessa skjals. Þar má einnig finna frekari upplýsingar um hljóðkerfisvitund og hugmyndir að verkefnum og æfingum:

Lesvefurinn: lesvefurinn.hi.is
Læsisvefurinn: laesisvefurinn.is/
Miðja máls og læsis: mml.reykjavik.is



Athugun á hljóðkerfisvitund fyrir foreldra

Atriðin eru í þyngdarröð. Færnin í fyrstu atriðunum getur byrjað að koma fram um fjögurra ára aldur en þau síðustu um sex ára.

Athugið að þessi skráning kemur ekki í staðin fyrir formlega athugun á HLJÓM - 2 heldur er hún eingöngu hugsuð til þess að styðja foreldra í málörvun barna sinna.

GETUR BARNIÐ MITT:

- Rímað** – ef þú segir orðið *sól* getur barnið þá svarað með orðum eins og *ból*? X
- Skípt setningum í stök orð** – ef þú segir *Siggi fékk stóran ís* getur barnið þá skípt setningunni í stök orð og jafnvel skípt einhverju þeirra út fyrir annað? X
- Klappað atkvæði** – ef þú segir t.d. *önd*, klappar barnið einu sinni eða ef þú segir *þvottavél* klappar það þrisvar. Ef þú spyrð hvað klöppin voru mörg getur barnið svarað því? X
- Tengt saman hljóð** – ef þú biður barnið að setja saman hljóðin *sk...ór* myndi barnið svara *skór*? Ef þú segðir *íí...sss*, segði barnið *ís*? X
- Getur greint fyrsta og/eða síðasta hljóðið í orðum?** – ef þú spyrð *hvað er fyrsta hljóðið í orðinu kisa*, myndi barnið svara /k/? Eða *hvað er síðasta hljóðið í orðinu bátur*, myndi barnið svara /r/? X

